

Sent til Mbl.is: 15.5.2019
Birt í Mbl: 24.5.2019
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

Nauðsynlegt er að koma sem allra fyrst á fót raforkumarkaði í samræmi við Þriðja orkupakkann.

Raforkumarkaður og framleiðandi til þrautavara

Þriðji orkupakkinn og Landsvirkjun

Með Þriðja orkupakka ESB/EES er gert ráð fyrir að hvert svæði eða land sjái um eigið orkuöryggi í raforkumálum óháð því hvort það er raftengt innra evrópska raforkumarkaðnum eða ekki.

Í ljósi fámennis hér á landi og markaðsráðandi stöðu Landsvirkjunar telja ýmsir tormeðki á að koma á fót uppboðsmarkaði fyrir raforku. Sú hugmynd hefur verið ráðandi að alls ekki megi hrófla við Landsvirkjun, en fyrirtækið á nú nánast allt virkjað vatnsafl í landinu. Þeim sé allt leyfilegt í þeim efnum. Fyrirtækið hefur nú haldið áfram uppbyggingu jarðvarmavirkjana og hafið stórsókn í virkjun vindorku. Það verður erfitt fyrir aðra framleiðendur í orkugeiranum að keppa við Landsvirkjun á jafnréttisgrundvelli. Þeir sem réttlæta þessa þróun segja að „markaðsráðandi staða“ sé leyfileg en „misnotkun á markaðsráðandi stöðu“ ekki, hvað svo sem í því felst?

Mikil andstaða hefur komið fram við þeirri hugmynd að skipta upp Landsvirkjun eins og reyndar var tillaga danska hagfræðingsins Lars Christensen árið 2016 í skýrslunni „Orkan okkar 2030“, sem fjármögnuð var af Samtökum iðnaðarins. Það sem lá þar að baki var að markaðsvæðing í ESB, sem hafði gengið mjög vel þ.á.m. í Danmörku, ætti að vera fyrirmynd að nýju markaðskerfi fyrir raforku á Íslandi.

Raforkumarkaðir í Evrópu

Gamla fyrirkomulagið í raforkugeiranum var miðstýrt og framleiðslumiðað kerfisSKIPULAG með gjaldskrá.

Með markaðsvæðingu í Evrópu var leitast við að verðmyndun á raforku mótist af opnum tilboðsmarkaði, en þar ræður eingöngu verðtilboð kaupenda og seljenda. Varan á raforkumarkaði er einsleit en öll raforka er með sömu gæðum á rafnetinu.

Lang mikilvægasti hluti markaðarins er svo nefndur næsta-dags-markaður, sem getur verið með tímaeiningu innan dags frá 5 mín til 1 klst. Á rauntíma innan-dags-markaði með fráviksverði er endanlegt verð ákveðið. Verðmyndun er annað hvort samkvæmt uppgjörsverði (Clear-as-bid) eða tilboðsverði (Pay-as-bid). Oftast er uppgjörsverð notað fyrir næsta-dags-markað og tilboðsverð fyrir innan-dags-markað.

Raforkumarkaðurinn stýrir kerfinu í skammtíma rekstri, en á jafnframt að skapa leiðbeinandi vísbendingar um þörf og tímasetningu nýrra orkuvirkja þegar til lengri tíma er litið.

Raforkuframleiðandi til þrautavara

Nauðsynlegt er að ákveðinn aðili í raforkukerfinu tryggi raforku fyrir neytendur, jafnvel þegar í harðbakka slær í verstu vatnsárum, en vatnsskortur við miðlanir er mesti óvinur orkuöryggis. Þessi aðili er raforkuframleiðandi til þrautavara.

Hugmyndir um að sæstrengur frá Íslandi til Bretlands gæti komið að þessum notum eiga ekki við, enda stendur ekki til að fara í þannig framkvæmd í ófyrirséðri framtíð. Olíustöðvar til þess arna eru líka óraunhæfar. Frekar mætti skoða framleiðslu á vetni til útflutnings, en einnig til innanlandsnota til framleiðslu á raforku við skortstöðu í raforkukerfinu.

Annar möguleiki á að koma á orkuöryggi hér á landi er að skilgreina neðsta hluta langtímamiðlana sem varamiðlun. Þannig væri skilgreindur nýr millibotn í miðlunum, en neðan hans varamiðlun til þrautavara. Ef t.d. er gert ráð fyrir 10% varamiðlun þá mundi orkugeta kerfisins í dag lækka um 330 GWh/ári og orkan í varamiðlunum endast fyrir landskerfið í ca 8 daga, ef allt innrennsli þrýtur og markaðurinn dregur ekki úr notkun við hinar erfiðu aðstæður. Hins vegar verður ávallt eitthvað innrennsli til staðar og ef raforkumarkaður væri kominn í notkun þá mundi hann vafalaust einnig taka við sér. Við þær aðstæður gæti varamiðlun nýst eitthvað lengur en í fyrrgreinda 8 daga, með líflegum viðskiptum á markaði.

Hugsanlega gæti verið mögulegt að varamiðlanir væru á vegum annars aðila en Landsvirkjunar til að skapa hreinar línur í viðskiptum. Hugmynd gæti verið að færa umráðarétt og nýtingarheimild á varamiðlunum frá Landsvirkjun til Ríkisins. Í okkar dæmi mætti líta á varamiðlanir sem ígildi virkjunar með orkugetu upp á 330 GWh/ári, en það samsvarar um 50 MW vatnsaflsvirkjun. Verðlagning orku úr varamiðlun yrði á skortverði. Ekki þyrfti að koma til rekstur frá hendi Ríkisins, utanumhaldið yrði bara bókhaldsuppgjör.

Markaðsvæðing

Nauðsynlegt er að koma sem allra fyrst á fót raforkumarkaði í samræmi við þriðja orkupakkann. Pólitíkusar hafa notað slagorð um að ekki megi „ganga of langt í markaðsvæðingunni“. Þetta getur ekki átt við um raforkumarkaðinn, enda er ekki hægt að innleiða hann að hluta til. Í samkeppnisumhverfi er markaðnum að öllu leyti stýrt eftir verði og það endurspeglast í tilheyrandi gerð og notkun rekstrarlíkana.

Rammaáætlun var upphaflega hugsuð þannig, þ.e. að ná einhverri sameiginlegri sýn á kostnaðarverð virkjana og mat á umhverfispáttum, sem væru þá verðlagðir á samræmdan hátt. Smám saman hefur þessu verið blandað saman í einhvern hrærigraut sem er reyndar orðinn ónothæfur. Afleiðingarnar eru að nú skiptir kostnaðarmat virkjana og flutningsmannvirkja engu máli, einungis er horft til sjónarmiða náttúruverndar þar sem allt er vaðandi í „mér finnst“ viðhorfum.